

**2010 nr. 155 27. desember****Lög um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki**

**Tóku gildi 30. desember 2010.** *Breytt með* l. 73/2011 (tóku gildi 28. júní 2011 nema 2. og 5. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2012; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 13. gr.), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 164/2011 (tóku gildi 30. des. 2011 nema 1.–2., 4.–5., 7., 15.–21., 24.–27., 29.–30. og 34.–39. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2012; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 40. gr.) og l. 139/2013 (tóku gildi 31. des. 2013 nema 1.–2., 9., 13.–14., 16.–17., 22. og 27.–29. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2014; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 30. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr. Markmið.**

□ Markmið þessara laga er tvíþætt, annars vegar að afla rík-  
inu tekna til að mæta þeim mikla kostnaði sem fallið hefur  
á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins, hins veg-  
ar að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja með því að  
leggja sérstakan skatt á skuldir þeirra vegna þeirrar kerfis-  
áhættu með tilheyrandi kostnaði sem áhættusöm starfsemi  
þeirra getur haft í för með sér fyrir þjóðarþúið.

**■ 2. gr. Skattskyldir aðilar.**

□ Skylda til að greiða sérstakan skatt, eins og nánar er kveð-  
ið á um í lögum þessum, hvílir á fjármálafyrirtækjum, sem  
hafa fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparissjóður eða  
lánaþyrirtæki, og öðrum aðilum sem hafa fengið leyfi til að  
taka við innlánnum. Skattskylda þessi tekur einnig til útbúa  
erlendra fjármálafyrirtækja sem taka við innlánnum eða hafa  
sambærilegar starfsheimildir og viðskiptabanki, sparissjóður  
eða lánaþyrirtæki. [Skattskylda þessi tekur einnig til aðila  
sem sætir slitameðferð, sbr. 101. gr. laga nr. 161/2002, um  
fjármálafyrirtæki, þ.m.t. lögaðila sem héraðsdómur hefur úr-  
skurðað að skuli tekinn til gjaldþrotaskipta.]<sup>1)</sup>

□ Undanþegnir skattálagningu samkvæmt lögum þessum  
eru:

a. fyrirtæki sem eru stofnuð samkvæmt sérstökum lögum  
til að vera eign opinberra aðila að öllu leyti nema annars sé  
getið í þeim lögum,

b. ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 139/2013, 18. gr.

**■ 3. gr. Skattstofn.**

□ Stofn til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki er heildar-  
skuldir skattskylds aðila [skv. 2. gr. umfram 50 milljarða  
kr.]<sup>1)</sup> í lok tekjuárs.

□ Heildarskuldir skv. 1. mgr. eru skuldir, sbr. 75. gr. laga nr.

90/2003, um tekjuskatt, eins og þær eru tilgreindar á skatt-  
framtali fjármálafyrirtækja samkvæmt þeim lögum.

□ Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir innan ein-  
stakra liða eða flokka við útreikning á skattstofni.

□ [Skattstofn aðila sem fellur undir 3. málsl. 1. mgr. 2. gr.  
er samtala viðurkenndra krafna umfram 50 milljarða kr. í bú-  
hans í lok ársins á undan álagningarári.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 139/2013, 19. gr.

**■ 4. gr. Gjaldhlutfall.**

□ Gjaldhlutfall sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki er  
[0,376%].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 139/2013, 20. gr.

**■ 5. gr. Álagning, eftirlit, kærur, innheimta og viðurlög.**

□ Að öðru leyti en greinir í þessum lögum fer um álagningu,  
eftirlit, kærur og innheimtu skatts samkvæmt ákvæðum laga  
nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. IX.–XIV. kafla þeirra laga.  
Varðandi viðurlög er sérstaklega vísað til XII. kafla laganna.

**■ 6. gr. Álagður skattur.**

□ Skattur samkvæmt lögum þessum telst ekki rekstrarkostn-  
aður skv. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

■ [6. gr. a. Skattkrafa á grundvelli laga þessara skal njóta  
réthæðar skv. 3. tölul. 110. gr. laga nr. 21/1991, um gjald-  
þrotaskipti o.fl., við slitameðferð eða gjaldþrotaskipti sama  
aðila.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 139/2013, 21. gr.

**■ 7. gr. Reglugerðarheimild.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að mæla nánar fyrir um fram-  
kvæmd laga þessara í reglugerð.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 537. gr.

**■ 8. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við  
álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010 og  
skulda í lok þess árs. Lög þessi skulu koma til endurskoðunar  
innan eins árs frá gildistöku þeirra.

■ [Ákvæði til bráðabirgða. [Við álagningu opinberra  
gjalda árin 2012 og 2013 skal til viðbótar við sérstakan  
skatt samkvæmt lögunum greiða 0,0875% af skattstofni eins  
og hann er ákvarðaður í 3. gr. Gjaldalagi viðbótarskattsins  
er 1. nóvember 2012 og 2013. Greiða skal fyrir fram upp í  
álagðan viðbótarskatt 1. nóvember 2011 og 2012 og miðast  
sú greiðsla við skattstofn eins og hann var í árslok 2010 og  
2011 og það skatthlutfall sem kveðið er á um samkvæmt  
ákvæði þessu.]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 164/2011, 23. gr. <sup>2)</sup> L. 73/2011, 11. gr.